

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskólinn á Hólum Verið - Vísindagarðar, Sauðárkrók



| | | | |
|---------------------|---------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 30.10.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Háskólinn á Hólum | Eftirlitsmaður | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Háeyri 1 | Tegund eftirlits | Lokunareftirlit |
| Kennitala | 500169-4359 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Kári Heiðar Árnason | ÍSAT nr. | 03.21.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin starfsemi er í stöðinni og er um lokunareftirlit að ræða.
Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu og engin frávík komu fram.
Staðfest er að stöðinni hefur verið lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnaefntirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Háskólans á Hólum, Verið vísindagarða á Sauðárkrók. Fiskeldisstöðin var kennslu- og tilraunastöð við háskólann. Heimilt er að ala í stöðinni lax, bleikju, urriða, hornsíli, þorsk, lúðu, hlýra, hrognkelsi, beitarfisk, zebrafisk, beitukóng o.fl. allt að 14 tonn árlega. Starfsleyfið gildir til 18. desember 2024.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Skoðunarferð vegna lokunar
- Staðfesting FISK Seafood á móttöku svæðisins

Rekstraraðili hefur fjarlægð allan búnað sinn úr stöðinni og lokað henni og er því um lokunareftirlit að ræða. Staðfesting barst í tölvupósti frá eiganda húsnæðisins, FISK Seafood, um að starfsemi Háskólans á Hólum að Háeyri 1 Sauðárkrók, hafi farið úr húsinu með öll sín tæki og tól fyrir 31. Júlí 2023. Eigandi húsnæðisins gerir ekki athugasemdir við frágang rekstraraðila á svæðinu.

Við síðasta eftirlit árið 2022 kom fram að flutningar væru fyrirhugaðir á stöðinni á næstu misserum þar sem til stæði að rífa húsið, en þá var ekki komið í ljós hvar ný staðsetning yrði eða hvernig starfseminni yrði háttáð. Enn er ekki ljóst hvernig starfseminni verður háttáð eða á hvaða staðsetningu hún verður. Var rekstraraðili minntur á að sækja tímalega um nýtt starfsleyfi, en vinnslutími nýs starfsleyfis getur tekið allt að 6-8 mánuðir. Óheimilt er að hefja starfsemi fyrr en nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Engin frávík komu fram við síðasta eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að öryggisblöð þurfa að vera aðgengileg við efnaskáp og að öryggismerkingar á efnaskáp þurfti að uppfæra.

Farið var að svæðinu og litið yfir útisvæðið. Svæðið var snyrtilegt á að líta og ekki að sjá neinn búnað eða annað sem rekstraraðili hefur skilið eftir sig eftir lokunina.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hvorki hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 20.11.2024

Guðbjörg Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir